

hann hefir viðurkennt að hafa ætlað að selja til neyzlu í bænum.

Í gærðag og í dag var hann aftur tekinn með ógerilsneydda mjólk, sem hann þá kvaðst ætla að útbýta ókeypis til hinna sömu viðskiptamanna og til fátækra hér í bænum.

Með gagnályktun frá áðurgreindu ákvæði um stundarsakir, sbr. 5. gr., verður að telja greindan verknað kærða óheimilan, og ber því að refsa honum samkvæmt 14. gr. laganna.

Kærðum hefir ekki áður verið refsað, svo kunnugt sé, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 30 króna sekt, sem renni í verðjöfnunarsjóð verðjöfnunarsvæðis þess, er Reykjavík verður í. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í tvo daga.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Á málinu hefir ekki orðið óþarfur dráttur.

Miðvikudaginn 19. júní 1935.

Nr. 162/1934. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

Frank Mortagu Norton

(Lárus Fjeldsted).

Veiðarfæri í ólagi.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 24. ágúst 1934: Kærður, Frank Mortagu Norton, greiði 20100 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands og komi 8 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í togaranum H. 239 Crestflower frá Hull sé upptækt og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Það verður að vísu að telja sannað, að togarinn Crestflower H. 239 hafi verið um 1 sjómílu inni í landhelgi, þegar varðskipið tók hann. Hinsvegar kveðst hinn kærði skipstjóri hafa togað í kringum dufl, sem lagt var frá öðrum togara nokkru fyrir utan landhelgi, en ekki er nákvæmlega upplýst um það, hversu langt hann hafi verið utan við landhelgislinu. Verður því að telja það mögulegt, að togarinn hafi verið utanvert við landhelgilínu, þegar varpa hans festist í botni, og að hann hafi verið á reki um 50 mínútur, meðan verið var að koma veiðarfærum hans í lag. Þá var vindhraði, að því er telja má, eitthvað meiri en á meðan varðskipið lét sig reka, og aðfallsstraumur, en útfall var byrjað, þegar varðskipið gerði tilraun sína.

Að þessu athuguðu þykir það ekki útilokað, að togarann kunni að hafa rekið inn í landhelgi nálægt 1 sjómílu, á áðurnefndum hér um bil 50 mínútum. Verður því ekki talið sannað, að togarinn hafi verið að veiðum í landhelgi, og ber því að sýkna hinn kærða skipstjóra af kæru fyrir það brot og fella niður ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra. En með því að kærði gætti þess ekki, að skip hans ræki ekki inn í landhelgi með ólöglega umbúin veiðarfæri, verður að dæma hann til refsingar eftir 2. gr. laga nr. 5/1920, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin, samkvæmt 2. málgr. 3. gr. sömu laga og með tilliti til þess, að dagsgengi íslenzkrar krónu er nú 49.13, 6000 króna sekt til landhelgissjóðs, og komi 3 mánaða einfalt fangelsi í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo greiði kærði allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með

talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Frank Nortagu Norton, greiði 6000 króna sekt til landhelgissjóðs, og komi 3 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo greiði kærði allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflytningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 150 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Frank Mortagu Norton skipstjóra á togaranum H. 239 Crestflower frá Hull fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5 18. maí 1920.

Í skýrslu þeirra, er skipstjóri varðskipsins Ægir hefir gefið um nánari atvik þessa máls, segir svo, að varðskipið hafi síðastliðinn miðvikudag verið á leið út Þistilfjarðarflóann. Kl. 8.15, er varðskipið var stutt úti fyrir svokölluðum Afréttum, sást togari og var haldið í áttina til hans. Kl. 8.39 er stansað við togarann, og setur varðskipið þar út bauju. Þegar fyrst sást til togarans og þar til varðskipið kom að honum virtist hann liggja kyrr, en skömmu síðar var hann kominn á ferð. Dró þá varðskipið upp stöðvunarmerki og stansaði togarinn samstundis. Var þá togarinn að enda við að taka inn vörpuna og hékk hún mestöll og báðir hlerar utanborðs. Þegar komið var um borð var lifandi fiskur í pokanum og báðir vængir vörpunnar, einkum framvængurinn, nokkuð rifnir. Kl. 8.50 er eftirfarandi staðarákvörðun gerð nálægt baujunni:

Gunnólfsvíkurfjall	> 34°08'
Austurrönd Afrétta	> 97°30'
Raufarhafnarviti	

Dýpi mælt 66 metrar.

Gefur það staðinn um 1.0 sjómílu innan landhelgislíunnar.

Kærður, skipstjóri togarans, kom um borð í varðskipið og var bent á, að hann væri inni í landhelgi, og kvaðst hann vita það. Sagðist skipstjóri togarans hafa togað milli tveggja bauja en er hann hafði verið búinn að toga í hérumbil klukkustund hafi varpan orðið föst í botni, og þá strax snúið sér að því að reyna að ná henni upp. Varpan losnaði úr botni eftir nokkrar mínútur, en þegar hlerarnir komu upp hafi þeir verið snúnir saman á virunum. Meðan verið var að koma þessu í lag hafi skipið legið kyrrt, og hafi það tekið um ½ klst. og ekki verið lokið fyrr en 5 mínútum eftir að varðskipið kom að togaranum.

Kl. 9.22 var farið að bauju varðskipsins og gerð við hana eftirfarandi staðarákvörðun:

Austurströnd Afrétta	> 68°30'
N.-endi Súluness	> 27°58'
Raufarhafnarviti	

Dýpi 73 metr.

Gefur þessi mæling stað 1 sjómílu innan landhelgislínu.

Síðan var varðskipið látið reka frá baujunni í 40 mínútur og mæld sú vegalengd, og reyndist hún að vera 0.4 sjómílu eða sem svarar að skipið ræki 0.6 sjómílu á klukkustund.

Að gerðum þessum athuguðum fór varðskipið með togaranum til Norðfjarðar.

Við réttarhald í málinu hefir kærður gefið eftirfarandi skýrslu: Kl. 8.25 miðvikudagskvöldið hefði hann kastað út vörpunni síðast áður en varðskipið kom. Samkvæmt samanburði við klukku varðskipsins reyndist klukka þess þá vera 6.49 eða 1 klst. 36 mín. seinni en klukka togarans. Síðan hafi hann togað um eina klukkustund en þá fest

vörpuna í botni. Var þá farið að ná upp vörpunni og hafi hún losnað úr botni eftir þrjár mínútur og síðan verið höluð upp og hvorttveggja tekið um 10 mínútur. Þegar varpan kom upp voru vírarnir flæktir við hlerana, og kveðst kærður þá hafa farið að koma því í lag, sem fyrst hafi verið lokið fimm mínútum eftir að varðskipið kom að togaranum. Nú heldur kærður því fram, að varpan hafi verið höluð nálægt bauju er togarinn Rylston hafi átt á þessum stað, en baujan hafi verið 6½ mílu undan landi. Hafi togarinn Rylston gefið kærðum upp þennan stað baujunnar, meðan þeir voru á leiðinni til Norðfjarðar, og hefði staðurinn verið ákveðinn með hornmælingum. En meðan verið var að greiða vírana frá hlerunum hafi togarann rekið þangað, sem varðskipið kom að honum.

Kærður gerði engar mælingar eða athuganir sjálfur um stað þann, er hann halaði inn vörpuna síðast áður en varðskipið kom, og byggir á því sem hann álitur eða heldur um stað þennan og svo mælingu togarans Rylston, sem engar sönnur hafa verið færðar að. Hinsvegar hefir kærður ekki treyst sér til að vefengja mælingar varðskipsins né fært fram neitt, er hnekki athugunum þess eða mælingum.

Samkvæmt framburði kærðs, sérstaklega um tíma þann, er hann kastaði vörpunni og togaði, og eftir athugunum varðskipsins, hlýtur kærður að hafa verið að minnsta kosti hálfu mílu innan við landhelgislinuna, er hann halaði inn vörpuna síðast, áður en varðskipið kom.

Samkvæmt þessari niðurstöðu verður að telja nægilega sannað, að kærður hafi verið að toga í islenzkri landhelgi nokkru áður en varðskipið kom að honum síðastliðinn miðvikudag.

Kærður hefir ekki áður sætt refsingu fyrir brot á landhelgislöggjöfinni.

Kærður hefir því að áliti réttarins brotið gegn ákvæðum 1. gr. laga nr. 5 frá 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið fyrir það, eftir 3. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 4 frá 1924 hæfilega ákveðin 20100 króna sekt í landhelgissjóð Íslands, með tilliti til þess, að gengi islenzkrar krónu er nú þannig, að hún jafngildir 49.87 aurum gulls og komi í stað sektarinnar 8 mánaða einfalt fangelsi, ef hún verður eigi greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans H. 239 Crestflower frá Hull sé upptækt og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 19. júní 1935.

Nr. 36/1935. **Jón Gíslason** (Lárus Jóhannesson)

gegn

brjóstsykurgerðinni Nói h/f

(Enginn).

Bótakrafa stefnda eigi tekin til greina.

Dómur gestaréttar Hafnarfjarðar 29. maí 1934: Stefndur, Jón Gíslason, útgerðarmaður, til heimilis á Merkur götu nr. 2 í Hafnarfirði, greiði stefnanda, cand. juris Torfa Hjartarsyni í Reykjavík, fyrir hönd brjóstsykursgerðarinnar h/f. Nói í Reykjavík, kr. 300.00 ásamt 6% ársvöxtum af upphæð þessari frá 17. septbr. 1930 til greiðsludags, og í málskostnað kr. 129.00.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta var tekið fyrir í hæstarétti mætti stefndi ekki, þótt honum hafi verið löglega stefnt. Málið hefir því verið rekið skriflega samkvæmt 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt eftir N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 6. júní 1796.

Áfrýjandi hefir gert þær réttarkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda, og